

Kaldvík hf.
Strandgötu 18
735 Eskifjörður

Selfossi, 24. mars 2026
Tilvísun: 2603376

Efni: Svar Matvælastofnunar vegna athugasemda við eftirlitsskýrslustofnunarinnar nr. 2751, 2753 og 2754 vegna rekstrarleyfis FE-1195.

Þann 6. mars 2026 bárust Matvælastofnun athugasemdir Kaldvíkur (hér eftir eftirlitsþegi) við eftirlitsskýrslur stofnunarinnar nr. 2751, 2753 og 2754 vegna rekstrarleyfis FE-1195 og varða eldissvæðin Bjarg og Sigmundarhús í Reyðarfirði. Frávik í umræddum eftirlitsskýrslum eru samhljóma og lúta að því að eldisbúnaður sé utan skilgreindra eldissvæða beggja staðsetninga og er vísað til þess að staðsetning sjókvíeldisstöðvar skuli vera innan eldissvæðis skv. 30. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

Eftirlitsskýrslurnar eru dagsettar 26. febrúar og sendar sama dag og voru ritaðar í kjölfar eftirlita sem fram fóru þann 17. febrúar 2026.

Eftirlitsþegi rökstyður í nokkrum liðum í athugasemdum sínu hvernig hann telur skráningu fráviks vera ólögmæta og fer þess á leit við Matvælastofnun að frávikin verði felld úr gildi og skráning frávika í eldri eftirlitsskýrslum verði endurskoðuð og felld úr gildi. Þá fer eftirlitsþegi fram á það að Matvælastofnun endurskoði framkvæmd sína við tilkynningar um frávik.

Þann 13. mars 2026 var haldinn fundur vegna athugasemda eftirlitsþega. Fundinn sátu Vigdís Sigurðardóttir fagsviðstjóri eftirlits fiskeldisdeildar, Karl Steinar Óskarsson deildarstjóri fiskeldisdeildar og Jónína Guðmundsdóttir lögfræðingur fiskeldisdeildar. Farið var efnislega yfir athugasemdir eftirlitsþega og ákvörðun tekin um afstöðu Matvælastofnunar til þeirra.

Við vinnslu málsins kom í ljós að sama eftirlitsskýrslan hafði verið send eftirlitsþega tvisvar, þ.e. skýrsla 2751 og 2754, en báðar varða þær sama eftirlit Matvælastofnunar á eldissvæði eftirlitsþega að Bjargi í Reyðarfirði. Stofnunin hefur felld eftirlitsskýrslu nr. 2751 úr gildi. Fyrir liggur að eftirlitsþegi hefur þegar greitt fyrir það eftirlit en krafa stofnaðist þegar skýrsla 2751 var send. Í ljósi þessa hefur stofnast inneign hjá eftirlitsþega sem nemur þeirri fjárhæð sem greidd var fyrir eftirlitið. Matvælastofnun biðst afsökunar á framangreindu.

Hér verða athugasemdir eftirlitsþega rakin og afstaða Matvælastofnunar við þeim. Athugasemdir eftirlitsþega eru skáletruð.

1. Krafa um að frávik í eftirlitsskýrslum verði felld úr gildi

Eftirlitsþegi rökstyður kröfu sína um að frávik í eftirlitsskýrslum 2753 og 2754 verði felld úr gildi í níu liðum undir þessari kröfu. Matvælastofnun mun fjalla um fyrstu fjóra liðina í rökstuðningi eftirlitsþega saman.

- I. *Eftirlitsþegi telur tilvísun Matvælastofnunar í eftirlitsskýrslunni til 30. gr. reglugerðar nr. 540/2020 til rökstuðnings frávíksins ekki rétta. Ákvæðið sé lýsandi ákvæði um innihald stöðvarskirteinis þar sem það kveðið á um hvaða upplýsingar skuli skrá í skirteinin en setur ekki efnislega kröfu um staðsetningu búnaðar.*

Ákvæðið kveði ekki á um að ytri mörk stöðvar, þar með talið festingar, verði að vera innan eldissvæðis. Ef ætlunin hefði verið að setja slíka efnislega kröfu hefði verið eðlilegt að hún kæmi fram með skýrum hætti í reglugerðinni en slík ákvæði sé hvorki að finna í 30. gr. né annar staðar í reglugerðinni. Þvert á móti geri orðalag ákvæðisins greinarmun á ytri mörkum stöðvar annars vegar og staðsetningu stöðvar innan eldissvæðis hins vegar. Slíkt bendi til þess að þessi tvö atriði séu ekki endilega hið sama.

Eftirlitsþegi vísar til þess að reglugerð 540/2020 skilgreinir tvö aðskilin hugtök í 3. gr. Þannig sé eldissvæði svæði þar sem fiskeldi er leyft og armarkað með sérstökum hnítum og síðan sé legustæði svæði sjókvíaeldisstöðvar sem afmarkast af útjöðrum festinga. Þessar skilgreiningar séu sjálfstæðar og byggi á mismunandi forsendum. Eldissvæði séu stjórnsýslulegt leyfissvæði sem afmarkist af hnítum í rekstrarleyfi en legusvæði sé hins vegar tæknilegt svæði stöðvar sem afmarkist af festingum hennar. Því geri reglugerðin ráð fyrir því að mörk stöðvar ráðist af festingum hennar, en eldissvæðið af stjórnsýslulegri ákvörðun um leyfissvæði. Ef ætlunin hefði verið að þessi væði væru ávallt hin sömu hefði verið eðlilegt að það kæmi fram með skýrum hætti í reglugerðinni.

Í eftirlitsskýrslum Matvælastofnunar sé vísað til þess að „eldisbúnaður“ sé utan eldissvæða. Samkvæmt 28. gr. reglugerðar nr. 540/2020 skulu meginhlutir stöðvar, íhlutir í festingum og aukabúnaður standast kröfur staðalsins NS 9415:2009. Eftirlitsþegi bendir á að ákvæði reglugerðarinnar um eldisbúnað fjalli um tæknilegar kröfur til búnaðar (hönnun, styrk, vottun o.s.frv.) en ekki um staðsetningu hans. Engin ákvæði í reglugerðinni tengja hugtakið „eldisbúnaður“ við kröfur um að slíkur búnaður verði að vera innan eldissvæðis. Þvert á móti gerir reglugerðin skýran greinarmun á „eldissvæði“ og „legustæði“, eins og áður hefur verið rakið, þar sem legustæði afmarkast af útjöðrum festinga. Þetta sýnir að reglugerðin gerir ráð fyrir að festingar geti náð út fyrir eldissvæði. Skilgreining á eldisbúnaði breytir því engu um þá grundvallarspurningu hvort festingar verði að vera innan eldissvæðis, og fyrir slíkri kröfu er ekki að finna stoð í gildandi lögum eða reglugerðum.

Eftirlitsþegi bendir á að skv. 35. gr. reglugerðar nr. 540/2020 ber rekstraraðilum að tilkynna hnit akkera og tóga til Landhelgisgæslu Íslands. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja siglingaöryggi með því að gera yfirvöldum kleift að hafa yfirsýn yfir staðsetningu festinga og taka mið af þeim með tilliti til siglingaöryggis. Þessi tilkynningarskylda bendir til þess að staðsetning festinga hafi sjálfstæða þýðingu með tilliti til siglingaöryggis, óháð mörkum eldissvæðis. Ef festingar ættu ávallt að vera innan eldissvæðis hefði slík sérstök tilkynningarskylda mun takmarkaðri þýðingu, þar sem staðsetning þeirra væri þá þegar ákvörðuð af mörkum eldissvæðisins. Ákvæðið styður því þá niðurstöðu að reglugerðin geri ekki ráð fyrir algildu banni við festingum utan eldissvæðis.

Athugasemdir eftirlitsþega lúta að því hvort festingar, anker og annar búnaður sem telst til sjókvíaeldisstöðva skuli staðsettur innan skilgreinds eldissvæðis samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Eftirlitsþegi byggir á því hvorki lög né reglugerð kveði á um með skýrum hætti að festingar og anker skuli vera innan eldissvæðis og að aðgreining hugtakanna eldissvæðis og legustæðis bendi til þess að slíkt sé ekki áskilið. Matvælastofnun hefur byggt á þeirri túlkun að allur eldisbúnaður, þar með talið festingar og anker, skuli vera innan ramma hnita eldissvæðis.

Matvælastofnun telur að 30. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 leggi ekki sjálfstæða kröfu á um að allur eldisbúnaður verði að vera innan hnita skilgreinds eldissvæðis heldur sé hún vísir að kröfum um slíkt sem lesa verði í samhengi út frá öðrum kröfum sem fram koma í reglugerðinni sem og lögum um fiskeldi nr. 71/2008 um að allur búnaður sé innan eldissvæðis. Í því samhengi telur Matvælastofnun rétt að benda á 3. mgr. 19. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 þar sem fram kemur að í rekstrarleyfi skuli m.a. tilgreina hnit eldissvæðis og hnit sjókvíaeldisstöðva innan hvers skilgreinds eldissvæðis.

Í 3. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 er sjókvíaeldisstöð skilgreind sem starfsstöð sem rekin er sem ein heild og tekur m.a. til kvía í sjó eða sökkvanlegs, fljótandi eða lokaðs eldisbúnaður, fleka, fódurlagna og/eða annars búnaðar sem er nauðsynlegur til reksturs slíkrar stöðvar. Festingar og anker flokkast að mati Matvælastofnunar sem annar búnaður sem nauðsynlegur er til reksturs slíkrar stöðvar. Starfsstöð er skilgreind sem það svæði þar sem fiskeldismannvirki eru staðsett. sbr. fyrirnefnd 3. gr. reglugerðarinnar.

Matvælastofnun telur ljóst að af 3. mgr. 19. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 leiði að löggjafinn gerir ráð fyrir skýru samhengi á milli annars vegar eldissvæðis sem leyfissvæðis og staðsetningar sjókvíaeldisstöðva innan þess. Þar sem sjókvíaeldisstöð er skilgreind í reglugerðinni sem starfsstöð sem rekin er sem ein heild og taki til alls þess búnaðar sem nauðsynlegur er til rekstur hennar verði að líta svo á að staðsetning stöðvar taki til alls þess búnaðar. Þá telur Matvælastofnun að það undirstriki enn frekar þann skilning út frá skilgreiningu á starfsstöð að um sé að ræða raunverulegt landfræðilegt umfang starfseminnar en ekki einungis hluta hennar. Af því leiðir að ekki sé hægt að aðskilja einstaka hluta eldisstöðvarinnar, eins og festingar og ankeri frá, eldisstöðinni sjálfri.

Þrátt fyrir að reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 geri greinarmun á hugtökunum eldissvæði og legustæði, eins og eftirlitsþegi vísar til, verður sú aðgreining að mati Matvælastofnunar ekki túlkuð á þann hátt að heimilt sé að staðsetja hluta eldisstöðvar utan eldissvæðis. Með hliðsjón af reglugerðinni verður að líta svo á að legustæði, sem raunverulega afmarkar umfang stöðvarinnar, verði að rúmast að öllu leiti innan eldissvæðis.

Þótt 30. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 fjalli um innihald stöðvarskírteinis verður að túlka það í samhengi við fyrirnefnd ákvæði reglugerðarinnar. Ákvæðið tryggir að ytri mörk stöðvar séu skráð með þeim hætti að unnt sé að bera þau saman við það svæði sem rekstrarleyfi gefur leyfi til að starfa á. Ef ytri mörk eldisstöðvar, þar með talið festingar og ankeri, væru utan eldissvæðis þá væri stöðvarskírteini að lýsa starfsemi sem er að hluta til utan leyfis. Slíkt væri í andstöðu við 3. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar.

Matvælastofnun bendir á að þrátt fyrir að ákvæði reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020, m.a. 28. gr. reglugerðarinnar, fjalli fyrst og fremst um tæknilegar kröfur til búnaðar breyti það ekki þeirri niðurstöðu sem leiðir af reglugerðinni sjálfri og fjallað hefur verið um hér að framan.

Í athugasemdum sínum vísar eftirlitsþegi til 35. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 og út frá henni megi lesa að tilkynningarskylda til Landhelgisgæslunnar á grundvelli 4. mgr. ákvæðisins bendi til þess að staðsetning festinga hafi sjálfstæða þýðingu með tilliti til siglingaöryggis, óháð mörkum eldissvæðis. Matvælastofnun getur ekki fallist á framangreinda túlkun eftirlitsþega. Tilkynningarskylda 4. mgr. 35. gr. þjónar siglingaöryggi. Skyldan felur ekki í sér heimild til að staðsetja festingar utan eldissvæðisins heldur tryggir hún það að stjórnvöld, þar með talið Landhelgisgæslan, hafi yfirsýn yfir staðsetningu þeirra innan leyfilegs svæðis. Matvælastofnun getur ekki séð að af framangreindu ákvæði verði dregin sú ályktun að heimilt sé að staðsetja festingar utan eldissvæðis.

Með hliðsjón af 3. mgr. 19. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 og skilgreininga sem áður hefur verið vikið að í reglugerðinni er það mat Matvælastofnunar að sjókvíaeldisstöð teljist ein heild og nái til alls þess búnaðar sem nauðsynlegur er til reksturs hennar, þar með talið festinga og akkera. Þar sem eldisstöðvar skulu vera staðsettar innan skilgreinds eldissvæðis leiðir það til þess að allur sá búnaður sem tilheyrir eldisstöðinni skuli jafnframt vera innan þess svæðis. Önnur niðurstaða myndi leiða til þess að hluti búnaðar væri utan leyfis og mögulega skarist á við heimildir m.a. í strandsvæðaskipulagi.

- II.** *Eftirlitsþegi bendir á að í eftirlitsskýrslum sé vísað til 14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 án nánari útskýringar. Það ákvæði fjallar um eftirlitsheimildir Matvælastofnunar en kveður ekki á um efnislegar kröfur um staðsetningu eldisbúnaðar. Tilvísunin skýrir því ekki á hvaða lagagrundvelli frávikið er talið byggja. Ef vísað er til 14. gr. sem heimildar til eftirlits þá er bent á að eftirlitsheimild er ekki það sama og efnisleg krafa. Matvælastofnun hefur heimild til að hafa eftirlit en sú heimild veitir ekki sjálfkrafa lagastoð fyrir kröfum sem ekki er að finna í lögum eða reglugerðum.*

Matvælastofnun bendir á að tilvísun til 14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 í eftirlitsskýrslum þeim sem málið varðar sé ekki sá lagagrundvöllur sem frávikið byggir á. Ákvæðið vísar réttilega eins og eftirlitsþegi fjallar um í athugasemdum sínum til eftirlitsheimildar og skýrslugjafar Matvælastofnunar en hvergi í eftirlitsskýrslunum er byggt á því að kröfur um að búnaður þurfi að vera innan eldissvæðis á grundvelli þessarar eftirlitsheimildar stofnunarinnar. Umrædd tilvísun til ákvæðisins kemur sjálfkrafa inn í eftirlitsskýrslur

- III.** *Eftirlitsþegi vísar til þess að samkvæmt lögmatísreglu stjórnsýsluréttar verða íþyngjandi ákvarðanir stjórnvalda að eiga sér skýra stoð í lögum eða settum stjórnvaldsfyrirmælum. Frávik Matvælastofnunar byggja á þeirri forsendu að festingar eða annar eldisbúnaður verði að vera innan eldissvæðis. Slik skylda er aftur á móti hvorki sett fram í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 né í reglugerð nr. 540/2020. Tilvísun til 30. gr. reglugerðarinnar breytir því ekki þar sem það ákvæði fjallar um innihald stöðvarskirteinis en setur ekki efnislega kröfu um staðsetningu festinga. Að leggja slíka skyldu á rekstraraðila án skýrrar lagaheimildar er því ekki í samræmi við lögmatísreglu stjórnsýsluréttar og frávikin eiga sér þar af leiðandi ekki lagastoð.*

Matvælastofnun vísar til umfjöllunar undir lið I. hér að framan og telur skráningu frávíks á grundvelli þess að allur eldisbúnaður verði að vera innan eldissvæðis eiga sér lagastoð í þeim reglugerðum og lagaákvæðum sem upptalin eru í umfjölluninni. Stofnunin fellst því ekki á athugasemdir eftirlitsþega þess efnis að frávikin eigi sér ekki lagastoð.

- IV.** *Eftirlitsþegi vísar til þess að í drögum að nýju frumvarpi til laga um fiskeldi, sem birt voru í desember 2025 og verða að öllum líkindum lögð fram á Alþingi fljótlega, er lagt til í 2. mgr. 26. gr. að kveðið verði skýrt á um að sjókvíar og festingar skuli vera innan eldissvæðis. Í frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að ákvæðið skuli „taka af allan vafa“ um að festingar skuli vera innan eldissvæðis. Þetta staðfestir að löggjafinn telur núverandi réttarstöðu óljósa og að gildandi lög og reglugerðir kveða ekki skýrt á um þessa kröfu. Þar til ný lög taka gildi er því ekki lagagrundvöllur fyrir frávikum sem byggja á þessari forsendu.*

Matvælastofnun bendir á að þó svo að í frumvarpi að lagareglum, sem nú liggur fyrir Alþingi, sé kveðið skýrar á um að festingar og anker skuli vera innan eldissvæðis og tilvísun í athugasemdum við frumvarpið til þess að ákvæðið eigi að „taka af allan vafa“ felur ekki í sér að slík krafa hafi ekki verið til staðar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Þvert á móti verður að líta svo á að um sé að ræða áréttingar ákvæði sem staðfestir þá heildstæðu túlkun sem leiða má af lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, um að festingar og anker skuli vera innan eldissvæðis. Matvælastofnun telur frávikin byggja á gildandi lögum og reglum og hafi þar að leiðandi fullnægjandi lagastoð í núgildandi réttarheimildum.

- V.** *Eftirlitsþegi bendir á að í samráðsgátt stjórnvalda liggja frammi drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga. Markmið þeirrar lagasetningar er meðal annars að skýra framkvæmd áhættumats siglinga og að taka mið af breytingum í haftengdri starfsemi, þar á meðal auknu umfangi sjókvíaeldis. Í þeirri löggjöf er gert ráð fyrir að siglingaöryggi verði tryggt með áhættumati á raunverulegum aðstæðum fremur en algildum og ósveigjanlegum reglum. Sú túlkun Matvælastofnunar að festingar verði ávallt að vera innan eldissvæðis, án tillits til staðhátta eða siglinga, er í ósamræmi við þessa stefnu.*

Eftirlitsþegi bendir jafnframt á að tilgangur reglna um staðsetningu eldisbúnaðar sé meðal annars að tryggja siglingaöryggi. Í tilvikum þeirra eldissvæða sem frávikin varða eru festingarnar staðsettar þannig að ekki verður séð að hætta skapist fyrir sjófarendur. Jafnframt hafi tilkynning um hnit festinga verið send Landhelgisgæslu Íslands í samræmi við 35. gr. reglugerðar nr. 540/2020. Við slíkar aðstæður verður ekki séð að staðsetning festinganna hafi áhrif á siglingaöryggi. Frávik sem byggja eingöngu á formlegri staðsetningu festinga, án tillits til raunverulegrar áhættu fyrir siglingaöryggi, þjóna því engum lögmætum tilgangi og eru jafnframt í ósamræmi við meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Matvælastofnun bendir á að ekki sé hægt að horfa til draga að frumvarpi sem kann eða kann ekki að verða samþykkt á Alþingi við framkvæmd eða túlkun núgildandi laga og reglugerða. Drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga breyta ekki þeirri niðurstöðu að afmörkun eldissvæðis samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 ræður því hvar sjókvíaeldisstöð og sá búnaður sem telst hluti hennar mega vera staðsett. Áhættumat siglinga er viðbótarúræði til að tryggja öryggi siglinga með tilliti til raunverulegra aðstæðna en kemur hvorki í stað né hnekkir þeirri kröfur að allur búnaður skuli vera innan hins skilgreinda eldissvæðis.

Matvælastofnun ber að framfylgja þeim kröfum sem eru til staðar í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og telur að þær kröfur um að allur búnaður sé innan eldissvæðis þjóni lögmætum tilgangi og sé í fullu samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Á grundvelli raka sem rakin eru hér að frama í liðum I. - VI. krefst eftirlitsþegi þess að frávík í eftirlitsskýrslum nr. 2751, 2753 og 2754 verði felld úr gildi dagsettum 26. febrúar 2026 og varða eldissvæðin Bjarg og Sigmundarhús í Reyðarfirði, verði felld úr gildi þar sem þau eiga sér ekki stoð í gildandi lögum og reglugerðum. Til vara, verði frávíkin ekki felld úr gildi, er þess krafist að Matvælastofnun tilgreini með skýrum hætti hvaða ákvæði í lögum eða reglugerðum kveða á um að festingar sjókvíaeldisstöðvar, eða annar eldisbúnaður í þeim skilningi sem frávíkaskýrslan byggir á, skuli vera innan eldissvæðis.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíka réttmæta og fellst ekki á athugasemdir eftirlitsþega um að frávík í eftirlitsskýrslum 2753 og 2754 dagsettum 26. febrúar 2026 verið felld úr gildi. Þá telur stofnunin sig hafa fjallað ítarlega um lagagrundvöll fyrir kröfum um að festingar, anker og annar eldisbúnaður skuli vera innan eldissvæðis.

2. Krafa um endurupptöku eldri frávíka

Eftirlitsþegi fer fram á það að Matvælastofnun endurskoði og felli úr gildi öll eldri frávík sem byggja á þeirri túlkun að festingar sjókvíaeldisstöðva, eða annar eldisbúnaður í þeim skilningi sem frávíkaskýrslur stofnunarinnar virðast byggja á, skuli vera innan eldissvæðis, þar sem:

- a) sú túlkun á sér ekki stoð í gildandi lögum og reglugerðum,*
- b) samræmi í stjórnsýsluframkvæmd krefst þess að sambærileg mál hljóti sambærilega niðurstöðu,*
- c) stjórnvöldum ber að leiðrétta ákvarðanir sínar þegar í ljós kemur að þær voru byggðar á rangri túlkun.*

Óskar eftirlitsþegi eftir því að Matvælastofnun veiti skriflega afstöðu til þessarar kröfu

Með vísan til þess sem þegar hefur komið fram um að Matvælastofnun fallist ekki á kröfur eftirlitsþega um að fella skráningu frávíks í eftirlitsskýrslum nr. 2753 og 2754 úr gildi þá fellst stofnunin ekki á kröfur eftirlitsþega um að fella eldri frávík sem byggja á sömu túlkun úr gildi. Synjun Matvælastofnunar byggir á sömu rökum og fram hafa komið.

3. Athugasemdir við tilkynningar um frávík


Eftirlitsþegi vill koma á framfæri athugasemd við þá stjórnsýsluframkvæmd Matvælastofnunar að senda skoðunarskýrslur og frávíkatilkynningar eingöngu á Ísland.is, án þess að tilkynna sérstaklega um þær í tölvupósti eða með öðrum beinum hætti. Þó skal tekið fram að Matvælastofnun tilkynnti um breytta stjórnsýsluframkvæmd frá og með 1. september 2025 þar sem skoðunarskýrslur eru nú eingöngu birtar á Ísland.is en ekki sendar með tölvupósti. Slík framkvæmd getur vakið spurningar um samræmi við leiðbeiningarskyldu stjórnvalda samkvæmt 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og um vernd andmælaréttar aðila samkvæmt 13. gr. sömu laga.

Athygli er vakin á þeirri staðreynd að Matvælastofnun er þegar í reglulegum tölvupóstsamskiptum við starfsfólk eftirlitsþega í tengslum við skoðanir og eftirlit, um sömu mál. Í slíkum tilvikum væri eðlilegt og í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að senda skýrslur einnig beint til viðkomandi

starfsfólks aðila máls til að tryggja að andmælaréttur verði ekki skertur. Þess er óskað að Matvælastofnun endurskoði þessa framkvæmd.

Eins og fram kemur í athugasemd eftirlitsþega tilkynnti Matvælastofnun um breytta stjórnsýsluframkvæmd frá og með 1. september 2025 og að frá þeim tíma yrðu allar eftirlitsskýrslur birtar á vefsvæðinu www.island.is. Afhending eftirlitsskýrslna Matvælastofnunar í gegnum www.island.is tryggir öruggan og sannarlegan aðgang að gögnum sem skerðir hvorki leiðbeiningarskyldu stjórnvalda skv. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 né rétti eftirlitsþega til að koma að athugasemdum vegna eftirlitsskýrslna stofnunarinnar. Með birtingu skýrslunnar á vefsvæðinu er tryggt að þær nái til stjórnenda eftirlitsþega og gripið verði til viðeigandi úrbóta. Það er í höndum eftirlitsþega að setja sér verklagsreglur um að koma eftirlitsskýrslum til undirmanna. Önnur framkvæmd getur gert það verkum að eftirlitsskýrslur geti farið fram hjá stjórnendum og úrvinnsla og lausn frávika orðið ómarkviss og mögulega engin.

**Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar**



**Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur**